

# Framtíðarsýn og stefna Starfsendurhæfingarsjóðs vegna starfsendurhæfingar á vinnustöðum

---

---

## INNGANGUR

---

---

**Hlutverk** Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Sjóðurinn sér um að skipuleggja og fjármagna ráðgjöf og þjónustu fyrir starfmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum með starfsendurhæfingarúrræðum í samstarfi við m.a. sjúkrasjóði og atvinnurekendur. Hlutverk sjóðsins er einnig að byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga.

**Starfssvið** Starfsendurhæfingarsjóðs er þannig fyrst og fremst á sviði starfsendurhæfingar og markmið, verkefni og samstarf við aðra aðila miðast við að ná sem mestum árangri á því sviði til varnar því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Það er hins vegar ljóst að árangur á þessu sviði ræðst af mjög mörgum þáttum og af samspili við marga aðila sem hafa ólík hlutverk í þessu sambandi.

Það er mikilvægt að Starfsendurhæfingarsjóður skilgreini hlutverk sitt á skýran hátt og taki ekki að sér ábyrgð á þáttum sem eru á verksviði annarra aðila þó vissulega geti sjóðurinn haft jákvæð áhrif á vinnu annarra stofnana og fyrirtækja og stuðlað að samvinnu sem eflir starfsemi og tryggir betri árangur öllum til heilla.

Sú framtíðarsýn og stefna sem hér er sett fram miðast við skilgreint hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs í að efla starfsendurhæfingu með samstarfi allra þeirra aðila sem þurfa að koma þar að. Í því samhengi er komið inn á þætti sem eru á ábyrgð annarra aðila en Starfsendurhæfingarsjóðs en það er gert með þeim formerkjum að þar geti Starfsendurhæfingarsjóður haft jákvæð áhrif á gang mála með aukinni samvinnu og þekkingaröflun á sviði starfsendurhæfingar.

---

---

## FRAMTÍÐARSÝN

---

---

**Að vinnustaðir á Íslandi hafi sem hluta af sinni virku starfsmannastefnu, áherslur á forvarnir, fjarvistastjórnun og viðbrögð við skammtíma og langtíma fjarvistum vegna veikinda og slysa.**

**Að stefna, athafnir og viðhorf á vinnustöðum stuðli að eflingu starfsendurhæfingar og aukinni virkni einstaklinga með skerta starfsorku.**

**Að viðhorf á vinnustöðum séu þannig að gert sé ráð fyrir að allir eigi hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsorku af ólíkum ástæðum.**

---

## SKÝRING

---

Í dag eru fá fyrirtæki á Íslandi sem hafa stefnu sem tekur á forvörnum og viðbrögðum við veikindafjarvistum þar sem markmiðið er að virkja einstaklinginn. Ósamræmi í skilgreiningum og viðbrögðum hefur takmarkandi áhrif á árangur og því er mikilvægt að stefna að samræmi í aðgerðum og þekkingu atvinnurekenda og starfsmanna á leiðum og úrræðum sem miða að því að efla og viðhalda starfshæfni. Mikilvægt er að vinnustaðir hafi stefnu sem tekur á veikindafjarvistum eða hættu á þeim og hafi áætlun um hvernig eigi að viðhalda vinnusambandi starfsmanna og endurhæfa þá sem á þurfa að halda. Hér er einnig mikilvægt að bæði atvinnurekendur, stjórnendur og starfsmenn sjái það sem sameiginlegt verkefni að efla aðgerðir, úrræði og þekkingu á þessu sviði.

---

---

## TILGANGUR

---

---

**Koma í veg fyrir að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna langtíma veikinda, slysa eða örorku. Þetta sé gert með snemmtækri íhlutun og þannig tryggt að einstaklingar hafi möguleika á að nýta færni sína á vinnumarkaði jafnvel þó starfshæfni sé skert tímabundið eða til langs tíma.**

## MARKMIÐ 1

---

Að atvinnurekendur og starfsfólk leggi aukna áherslu á og líti á það sem sameiginlegt verkefni að draga úr veikindafjarvistum og örorku.

### LEIÐIR

---

- Hvetja til aukins forvarnarstarfs og heilsueflingar á vinnustöðum.
- Hvetja til þess að atvinnurekendur, stjórnendur og starfsmenn nýti sér ákvæði vinnuverndarlaga um:
  - Framkvæmd áhættumats á vinnuaðstæðum
  - Kosningu öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar
- Veita sérstaka fræðslu um mikilvægi vinnu í bataferli og nauðsyn þess að aðlaga vinnu og vinnuumhverfi þörfum starfsmanna með skerta starfsorku.
- Starfsendurhæfingarsjóður býr til upplýsingabækling fyrir atvinnulífið (leiðbeiningar um „endurkomu til vinnu“, hér eftir skammstafað ETV, o.fl) og tengir atvinnurekendur við ráðgjafa hjá stéttarfélögum.

## MARKMIÐ 2

---

Að atvinnurekendur og fulltrúar starfsmanna nái saman um stefnu í fjarvistarmálum vegna slysa og veikinda sinna starfsmanna og skriflega áætlun um forvarnir og endurkomu til vinnu eftir langtíma veikindafjarvist eða slys (ETV) fyrir lok árs 2012.

Með stefnu í fjarvistarmálum er hér átt við stefnu um hvernig skal skrá, fyrirbyggja og/eða bregðast við endurteknum skammtíma veikindum eða langtíma veikindafjarvistum og markvissan stuðning við endurkomu til starfa. Tryggja þarf trúnað um meðferð og notkun persónuupplýsinga og að farið sé eftir ákvæðum laga og reglna um persónuvernd. Aðalatriði slíkrar stefnu verði virkni, starfsfesta og starfsendurhæfing sem byggist á trúnaði og trausti. Kynna skal stefnu fyrirtækisins, áætlun um forvarnir og ETV fyrir öllu starfsfólki.

### LEIÐIR

---

- VIRK útbýr leiðbeiningar og dæmi um stefnur sem vinnustaðir geta tekið upp varðandi stjórnun fjarvista. Leiðbeiningar þessar verða settar á heimasíðu VIRK.
- VIRK býr til verkfæri fyrir atvinnulífið til fjarvistastjórnunar, s.s „Fjarvistasamtalið“, „Leiðin aftur í vinnu“, hvatningarbæklinga o.fl fyrir starfsmenn og stjórnendur s.s. bæklinginn „Vinnum saman“.
- Ráðgjafar VIRK hjá stéttarfélögum kynna bæklinga/verkfæri og þjónustu VIRK í fjarvista- og endurkomustjórnun til atvinnurekenda, trúnaðarmanna og einstaklinga.
- Stjórnendur og trúnaðarmenn upplýsa starfsfólk um að það sé stefna fyrirtækisins að aðstoða fólk til að snúa aftur til vinnu eftir veikindafjarveru. Útskýra fyrir starfsmönnum hvernig vinnan geti flýtt fyrir batanum.

- Atvinnurekendur skrá og fylgjast með allri veikindarfjarveru starfsmanna, leggja áherslu á að það sé skýr lína í því hver fylgist með veikindarfjarveru og tilgangi þess. Trúnaður í meðferð persónuupplýsinga verði tryggður.
- VIRK starfar með mismunandi aðilum við að hafa áhrif á viðhorf og athafnir sem stuðla að aukinni starfsvirkni starfsmanna og gefur út eftirfarandi upplýsingar og leiðbeiningar:
  - Upplýsingabæklingar/verkfæri fyrir atvinnurekendur
  - Upplýsingabæklingur fyrir heilsugæslu og heilbrigðisstarfsfólk
  - Upplýsingabæklingur fyrir einstaklinga
  - Upplýsingar um gæði og hagkvæmni starfsendurhæfingar verði aðgengilegar hjá VIRK
- Farið verður í tilrauna- og samstarfsverkefni við valda aðila í atvinnulífinu þar sem þessar hugmyndir eru prófaðar í samvinnu við alla hagsmunaaðila (starfsmenn, stjórnendur, stéttarfélag, samtök atvinnurekenda, opinberar stofnanir og fleiri). Markmiðið er að auka skilning á starfsendurhæfingu og prófa mismunandi leiðir og ólík líkön af samstarfi vegna Endurkomu til vinnu (ETV) á vinnustöðum.

---

### MARKMIÐ 3

---

Að allir starfsmenn sem hafa endurteknar skammtíma eða langtíma veikindarfjarvistir hafi aðgang að sérhæfðum ráðgjöfum í starfsendurhæfingu sem starfa hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga um allt land.

---

#### LEIÐIR

---

Bæði starfsmenn og stjórnendur í atvinnulífinu hafi upplýsingar um sérhæfða starfsendurhæfingarráðgjafa hjá stéttarfélögum um allt land og vísi starfsmönnum á þá ef um er að ræða endurtekin veikindatilfelli eða langtíma veikindi. Hér er einnig mikilvægt að trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn hafi nægar upplýsingar til að geta leiðbeint starfsmönnum um réttindi sín. Meginhlutverk ráðgjafa er að hvetja, upplýsa og leiðbeina um möguleika og fjölbreytta þjónustu tengda starfsendurhæfingu. Einnig að aðstoða einstaklinginn við að greina helstu ástæðu fjarvista og fylgja eftir virkniaukandi úrræðum.

---

### MARKMIÐ 4

---

Að breyta viðhorfum hjá almenningi og fræða hann um mikilvægi vinnunnar sem þáttar í bataferli og endurhæfingu. Að áherslur hjá öllum sérfræðingum á vinnumarkaði og í heilbrigðiskerfinu sé að einstaklingur stefni aftur í vinnu sem fyrst og að vinnan sé hluti af endurhæfingunni.

---

#### LEIÐIR

---

- Útgáfa fræðslubæklinga – sbr leiðir í markmiði 2
- Virk heimasíða og fjölmiðlaumfjöllun
- Fræðsla fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk um starfsendurhæfingu og þjónustu VIRK.

- Fræðsluerindi á málþingum og fagráðstefnum
- Stuðla að endurskoðum læknisvottorða og leiðbeiningar um meðferð endurtekinna skammtíma og langtíma veikindafjarvista í samstarfi við aðila vinnumarkaðar, samtök lækna og Landlæknisembættið
- Fræðsla fyrir trúnaðarmenn og á námskeiðum sem við á.
- Samstarf við ýmis samtök sjúklinga

---

## MARKMIÐ 5

Að allir launamenn í landinu séu upplýstir um starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs og viti af þeirri aðstoð sem þeim stendur til boða ef um heilsubrest er að ræða.

---

### LEIÐIR

- Umfjöllun í félagsblöðum og öðrum fjölmiðlum stéttarfélaga s.s. heimasíðum
- Umfjöllun í félagsblöðum og öðrum fjölmiðlum samtaka atvinnurekanda
- Umfjöllun í fjölmiðlum
- Ráðstefnur og opnir fræðslufundir
- Námskeið fyrir trúnaðarmenn
- Kynningar ráðgjafa á vinnustöðum
- Kynningar og námskeið fyrir stjórnendur og samtök atvinnurekanda

---

## MARKMIÐ 6

Að til sé sameiginleg skilgreining á skammtíma og langtíma veikindafjarvist innan atvinnulífsins eigi síðar en í lok árs 2009. Að atvinnulífið móti sameiginleg viðmið fyrir skráningu veikindafjarvista og möguleika á að samræma það við aðrar slysa- og atvikaskráningar og geti notað slíkar upplýsingar í ársskýrslum fyrir starfsárið 2010.

---

### LEIÐIR

- Útfæra sameignlega skilgreiningar og viðmið fyrir skráningu með hagsmunaaðilum. Starfsendurhæfingarsjóður gæti leitt þessa vinnu.
- Hér þarf að vinna bæði með stofnaðilum sjóðsins og opinberum aðilum s.s. Vinnumálastofnun og Vinnueftirliti.

## MARKMIÐ 7

---

Að stuðla að aukinni samvinnu allra þeirra aðila sem þurfa að koma að starfsendurhæfingu einstaklinga. Tryggja samhæfingu og samfelldni í þjónustu og úrræðum.

### LEIÐIR

---

Óska eftir samvinnu við sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki sem koma að eða eru hagsmunaaðilar í starfsendurhæfingu einstaklinga. Hér er t.d. um að ræða heilsugæsluna, opinberar stofnanir, fagaðila, stéttarfélög, lífeyrissjóði, atvinnurekendur og fyrirtæki á sviði heilsuverndar og heilsueflingar. Sem dæmi um opinberar stofnanir sem þurfa að koma að slíku samstarfi eru:

- Vinnueftirlit ríkisins
- Vinnumálastofnun
- Tryggingastofnun ríkisins
- Lýðheilsustöð
- Heilbrigðisstofnanir um allt land
- Mennta- og rannsóknarstofnanir um allt land
- Heilbrigðisráðuneyti
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti